

5.6.2009

Alþingi
Erindi nr. P 137/92
komudagur 5.6.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

Vegna fyrirhugaðra strandveiða.

1. Miðað ætti við 15 metra báta, ekki brúttó tonn!!!!

Rök:

a. hvergi í reglum er miðað við brúttó tonn skipa, heldur BRL brúttó rúmlestir og ætti að nota þá viðmiðun ef menn vilja miða við tonn!!, nota ætti lengd skipa þar sem hún hefur verið viðmiðun fyrir veiðar á grunnslóð til margra ára tuga.

b. dæmi Lena Ís 61 (1396) er bátur sem ég á og er rétt innan við 15 metra vegna viðmiðunar fyrir grunnslóð þegar hann var byggður 1974,

c. legg eindregið til að miðað verði við metra og þá 15 metra en ekki tonn!!! Þetta munu allir skilja sem að þessum málum hafa komið undanfarna áratugi!!

2. Miða skal við pr. dag ath 24 tíma)

Rök:

A. Varðar öryggi sjómanna, ath mis langt er á miðinn, hefur ekkert að gera með aflann, hann er nú þegar ákveðinn pr dag!!

B. Hægt að sækja á betri mið, verðmeiri fiskur ef tíminn er rýmri til sóknar pr dag!!

C. Gefur byggðum landsins sem eru lengra frá miðum einnig möguleika að taka þátt í veiðunum á jafnréttis grundvelli, afar mikilvægt!!

Óska eftir að koma á fund nefndarinnar á mánudag,

Með fyrirfram þökk

Og von um góðar undirtektir,

Kjartan Ragnarsson

770-5144